

Bookings leiðbeiningar

Microsoft booking er skipulagningartól og er hluti af Microsoft Office 365. Microsoft Bookings býr til vefsíðu sem getur aðgangsstýrt bókunum í dagatal hóps af fólki eða einstaklings. Microsoft Bookings leitar í Outlook dagatali notenda og bókar tímann ef hann er laus. Það er auðvelt að setja þessa vefsíðu upp og gerir hún fólki kleift að finna lausan tíma hjá notendum síðunnar og hægt er að bóka tíma allan sólarhringinn.

- Tímapantanir eru á netinu.
- Hægt að panta í rauntíma allan sólarhringinn.
- Outlook dagatalið uppfærist sjálfkrafa hjá notendum gegnum Bookings.
- Sjálfvirk staðfesting og áminning í tölvupósti.
- Notandinn getur breytt bókuninni eða hætt við.
- Samþætting við Microsoft Teams.
- Auðveld uppsetning á Booking vefsíðu fyrir tímapantanir.
- Tímapantanir er hægt að færa til milli starfsmanna Bookings síðunnar.

Mælum sérstaklega með Microsoft Bookings fyrir stofnanir eða deildir sem bjóða uppá viðtalstíma fyrir fólk. Hægt er að aðgangstýra hver fá að panta tíma, utanaðkomandi eða innan skólans. Einnig er auðvelt að stýra á hvaða tíma dags er leyft að panta tíma.

Til að byrja er best að skrá sig inná office.com. Finna þar Bookings í Apps og velja svo „Create“.